

# Safnaðarbréf

á jólaföstu 2008



Ljósmynd:  
Arndís G. Benharðsdóttir Linn

## Sr. Ragnheiður sóknarprestur

Nýr sóknarprestur var settur í embætti í Lágafells-sókn, Mosfellsprestakalli, 12. október síðast liðinn. Þá tók sr. Ragnheiður Jónsóttir við embættinu eftir að hafa verið valin út hópi 8 umsækjenda.

Sr. Ragnheiður lauk kandiðatsprófi frá guðfræðideild Háskóla Íslands árið 1998 og var skipuð sóknarprestur í Hofsósprestakalli sama ár. Hún hefur starfað sem prestur í Mosfellsprestakalli frá árinu 2004 við hlið sr. Jóns Þorsteinssonar, sem nú hefur látið af prestskap.

Það var dr. Gunnar Kristjánsson prófastur Kjalarnessprófastsdæmis sem setti sr. Ragnheiði í embættið.

## Sr. Skírnir Garðarsson nýr prestur í Lágafellssókn

Sr. Skírnir Garðarsson hefur verið ráðinn prestur í Mosfellsprestakalli, valinn úr hópi 9 umsækjenda.

Hann er fæddur á Akureyri árið 1950 en lauk embættisprófi í guðfræðifrá HÍ 1976. Sama ár vígðist hann til Hjarðarholtsprestakalls í Dölum en fluttist 1979 til Nor-egs þar sem hann starfaði uns hann kom aftur til Íslands síðla árs 2001, þjónaði m.a. á Svalbarða í nokkur ár. Eftir heimkomuna hefur hann verið afleysingaprestur á ýmsum stöðum, nú síðast í Saurbæjarprestakalli í Hvalfirði.

Sr. Skírnir tekur við embættinu frá 1. janúar 2009.



*Skiptingu prestsetursjarðar  
mótmælt  
– bls. 3*



*Orgeljól – skólakórarnir –  
Diddú og drengirnir – bls. 5*

*Styrktartónleikar  
Kirkjukórs Lágafellssóknar  
– bls. 4*



*Aðventukvöld  
– bls. 4*



*Sr. Ragnheiður Jónsdóttir*

## „Bráðum koma blessuð jólin, börnin fara að hlakka til“

### Hugvekkja

Guð gefi okkur öllum bjarta og náðuga aðventu. Megi hann tendra hinn innri loga hvers og eins, svo að við megum á aðventunni veita birtu inn í líf þar sem skortur og myrkur hugans ríkir. Guð gefi okkur öllum gleðilega jólahátíð.

Ég hlakka til jólanna og þó er ég ekki lengur barn að aldri eins og segir í hinu þekktu jólalagi, „börnin fara að hlakka til“. Eitthvað barnslegt bærst innra með mér. Mér finnst gott að finna að jólin nálgast óðum, að finna ég á eitthvað gott í vændum. Hvað? Veit ég ekki. Fyrri tíma reynsla hefur kennt mér að jólin skila mér alltaf einhverju góðu – gjöf.

Og þannig verður það líka í ár – þess er ég fullviss.

Og þetta get ég og kannski fleiri sagt þrátt fyrir að hlutirnir hafi ekki alltaf verið eins, þrátt fyrir að jólasteikin hafi ekki verið sú sama hverju sinni, fólkið ekki heldur eða umhverfið.

Eftir að hafa upplifað jól við ólíkar aðstæður, á ólíkum stöðum í heiminum, með fjölskyldu og vinum eða ein, auralaus eða í allsnægtum, í skugga erfiðleika eða þegar allt lék í lyndi, sem barn og fullorðin – er ég þess fullviss að þessi jól færa mér á ný gjöf.

Kannski liður einhverjum sem les þessar línur einnig þannig – að eitthvað gott sé í vændum, biður, er að koma. Því gæti á hinn bóginn einnig verið allt öðru vísi farið.

„Aðventan og jólin er tími alls hins besta og alls hins erfiðasta“, mundu sumir segja og ég held að mikið sé til í því. Á þessum tíma ársins, við upphaf adventu og fram að jólum, er eins og allt, bæði það fegursta og ljótasta í mannlegu lífi og tilveru, kristallist, afhjúpast, standi nakið frammi fyrir skapara sínum.

Væntingar og þrá eftir betri heimi, eftir mannlegri nærveru, friði, öryggi og að tilheyra öðrum er svo mikil. Hið sanna í okkar innsta eðli brýst fram í ljósið.

Og er það ekki gott? Jú – sérstaklega þegar við upplifum að það er til staðar, nærveran, öryggið, að tilheyra. Öllu erfiðara þegar við þorum ekki að treysta, gefa okkur, vona að svo geti orðið. Að okkur geti orðið að ósk okkar, um nærveru, um frið, sátt og öryggi.

Að umbera og mæta sjálfum sér og sínum nánustu í öllu sem þessum þáttum mannlegrar tilveru er tengt er verðugt verkefni að hlúa að. Við getum verið blessun hvers annars þegar við erum samferða á þeirri leið.

Á umliðnu hausti höfum við upplifað atburði og ástand í þjóðfélagi okkar sem skólk daglegt líf okkar svo að allt skalf og nötraði, færðist úr stað og afmyndaðist, það sem þótti áreiðanlegt og öruggt. Fjárhagur, vinna, verðlag, traust breyttist úr vinningi í tap, úr gnægð í skort. Mörg heimili, fjölskyldur og einstaklingar hafa orðið fyrir barðinu á þessum sviptingum. Upplausn hefur verið ríkjandi. Það hefur ekki verið auðvelt að greina neina mynd þegar horft er fram á veginn. Hvernig verður morgundagurinn? Næstu mánaðamót? Framtíðin? Stórar spurningar vöknuðu og umræðuefni manna á milli breyttust. Það sem áður var ekki „leyfilegt“ að tala um náði nú eyrum manna. Við fórum að tala um hin eiginlegu gildi lífsins, hvað gefur lífinu merkingu. Við fórum að tala um það sem raunverulega skiptir okkur máli. Það varð og er haldreiði í allri ringulreiðinni. Stundum dugði það svo kvíðinn minnkaði, á öðrum stundum báru verkefnin allt ofurlíði og veruleikinn virkaði eins og sýndarveruleiki sem maður átti enga hlutdeild í.

Og mitt í öllu þessu boðar almanakið og innra tímaskyn okkar komu jólanna.

Aðventan er byrjuð, undirbúningurinn hafinn. Aðstæður í þjóðmálum breyta engu um það en margt horfir efallast öðruvísi við á mörgum heimilum um þessi jól.

Þegar við horfum til jólanna þessa dagana leyfum okkur þá, þrátt fyrir allt, að dvelja við þá mynd sem við þekkjum svo vel. Við getum farið með bæn í hjóði, sem góð kona sem alltaf var svo kvíðin fyrir jólin, kenndi mér: „Betlehem, Betlehem kom þú til mín.“

Myndin kunnuglega er af barninu, sem fæddist í fjárhúsinu í Betlehem forðum og var reifað og lagt í jötu. Móðirin og faðirinn standa og horfa hugfangin á barnið sitt, fjárhirðarnir krjúpa fyrir því í lotningu, stjarnan skín skært yfir fjárhúsinu og vitringarnir hafa náð fram með gjafir sínar.

Guðdómleg hlýja breiðist út frá barninu og snertir hjörtun. Barnið boðar von, nýtt líf og tækifæri, nýja byrjun í hjarta hvers og eins. Foreldrarnir, hinir nánustu í umhverfinu og þeir sem lengra voru að komnir, óbreytt fólk og annað tigið, öðlaðist fullvissu um að kominn væri í heiminn frelsarinn, konungurinn, friðarhöfðinginn og til framtíðar birtist þeim ný sýn. Þau breyttust. Þau öðluðust traust til betri framtíðar vegna hans sem fæddur var.

Hvað með mig og þig? Breytir boðskapur jólanna einhverju í hjarta okkar, þessi mynd og orð engilsins á jólanótt: Fagnid og gleðjist! Óttist ekki! Væri líf okkar ekki fátækara og flatneskjulegra ef engin jólanótt væri? Gætum við varðveitt traust okkar til betri framtíðar án þess að heyra boðskapur jólanna á ný á hverju ári, án þess að upplifa jólin í eigin hjarta á hverju ári. Já - án þess að taka á móti jólagjöfinni sem veitir okkur nýtt upphaf, von og styrk á göngunni áfram.

# Skiptingu á prestssetursjörðinni að Mosfelli í Mosfellsbæ mótmælt

Á 41. Kirkjuþingi sem haldið var á haustdögum 2008 var borin upp svofelld tillaga:

„Kirkjuþing samþykkir að jörðinni Mosfelli, Mosfellsbæ, Kjalarnesprófastsdæmi, verði skipt þannig að prestsetrið verði 1,9 ha. landspilda umhverfis prestbústaðinn á Mosfelli og nefnist Mosfell I er verði áfram prestsetur prestakallsins.

Það sem eftir stendur af jörðinni nefnist Mosfell II. Afmörkuð verði hæfileg lóð úr Mosfelli II umhverfis Mosfellskirkju sem tilheyrir kirkjunni.“

Tillagan var flutt af Kirkjuráði. Framsögumaður sr. Halldór Gunnarsson.

Skemmst er frá því að segja að ofangreind tillaga var samþykkt á tilvitnuðu kirkjuþingi.

Forsaga þessa máls er sú að í drögum að auglýsingu um Mosfellsprestakall sem send var í tölvupósti til prófests og formanns sóknarnefndar þann 27 júní s.l. kemur fram, öllum að óvörum, fyrirvari í auglýsingu biskups um stöðu sóknarprests, þar sem um var að ræða fyrirhugaða skiptingu Mosfells, og þar af leiðandi takmarkandi afnot sóknarprests af jörðinni Mosfelli.

Í bréfi sr. Gunnars Kristjánssonar prófests til Kirkjuráðs þann 30. júní

2008 var þessum fyrirhugðu breytingum mótmætt harðlega fyrir hönd prófests, sóknarprests og sóknarnefndar. Þar kemur fram að vinnulag kirkjuráðs er að mati héraðsnefndar Kjalarnesprófastsdæmis og Framkvæmdarnefndar Mosfellsprestakalls, ámælisvert þar sem ætlunin er að auglýsa prestsetrið með svo gjörbreyttum hætti frá því sem ávallt hefur verið án þess að ræða þær breytingar við heimamenn. Niðurstaða kirkjuráðs við þessar athugasemdir leiddi einungis til þess að í endanlegri auglýsingu var settur inn fyrirvari um breytingar á jörðinni Mosfelli í auglýsingunni, um samþykki kirkjuþings á þessum fyrirhugðu breytingum Kirkjuráðs.

Þann 21. október s.l. boðaði prófastur til fundar að Þverholti 3 í húsa- kynnum Lágafellssóknar með héraðsnefnd Kjalarnesprófastsdæmis, kirkjuþingsmönnum Kjalarnesprófastsdæmis auk sóknarprests, formanns sóknarnefndar, framkvæmdastjóra sóknarnefndar og bæjarstjóra Mosfellsbæjar, varðandi tillögu Kirkjuráðs um skiptingu Mosfells. Tillagan var rædd og aðdragandi hennar.

Prófastur lagði fram greinargerð sem unnin var af Birni Ástmundssyni lögfræðingi sem var formaður sóknarnefndar Lágafellssóknar til margra

ára. Á þeim tíma gekk í gegn endurbýgging og endurreisn prestseturs á Mosfelli. Í bréfi sínu segir Björn orðrétt:

„Hér er komið að inntaki hugmynda okkar í sóknarnefnd varðandi Mosfell, þ.e. að með því að byggja sóknarpresti að Mosfelli hefði söfnuðurinn eitthvað að segja um nýtingu jarðarinnar og gæti stuðlað að þeirri reisn sem þessu forna höfuðbóli og sögu- stað sæmdi.“


Þessi orð Björns Ástmundssonar viljum við gera að okkar og þessvegna er það skoðun okkar að umrædd tillaga Kirkjuráðs um skiptingu jarðarinnar að Mosfelli, sem samþykkt var á haustþingi kirkjuþings, hafi verið í nokkurri andstöðu við skoðanir okkar.

Það er því mjög brýnt að sóknarnefnd Lágafellssóknar geri gangskör að því að ræða við Kirkjuráð um nauðsynleg frekari afnot af jörðinni Mosfell til framtíðar fyrir starfsemi kirkjugarðs og kirkju í sókninni og jafnframt að tryggja að þau menningarlegu verðmæti sem Mosfelli tengjast frá öröfi verði í heiðri höfð.

Hilmar Sigurðsson.

Formaður sóknarnefndar.

## Kirkjur Íslands – Kirkjur í Kjalarnesprófastsdæmi



Í þessum nýju bókum er sagt frá kirkjunum að Mosfelli og Lágafelli.

Út eru komin tvö ný bindi í ritröðinni Kirkjur Íslands, grundvallarit um friðaðar kirkjur á Íslandi frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu, eins og segir í kynningu.

Í þessum nýútkomnu bindum er fjallað um kirkjur í Kjalarnesprófastsdæmi sem nær yfir Vestmannaeyjar, Reykjanes og sóknir sunnan Faxaflóa að Reykjavík og Hafnarfirði undanskildum.

Þarna er fjallað ítarlega um sögu hvers kirkjuhúss fyrir sig, upphaf og

endurnýjun ásamt lýsingu á gripum í eigu kirknanna.

Að útgáfunni standa Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd, Biskupsstofa og Hið íslenska bókmenntafélag, sem annast um útgáfuna.

Ritröðin er seld í áskrift og fyrirhugað er að bindin verði alls 26 og komi út tvö á ári fram til 2012. Nýjum áskrifendum býðst að kaupa þau 10 bindi sem þegar eru komin á sérstökum vildarkjörum. Sími Hins íslenska bókmenntafélags er 588 9060 en netfangið hib@islandia.is



## Aðventukvöld 7. desember

Árum saman hafa verið haldin svokölluð Aðventukvöld í Lágafellskirkju með tónlist og töluðu máli. Löngum hefur verið húsfyllir í litlu kirkjunni á Lágafelli á þessum kvöldum og eftir að safnaðarheimilið í Þverholti 3 kom til sögunnar hefur jafnan verið farið þangað á eftir og þegin létt hressing.

Að þessu sinni verður Aðventukvöldið sunnudaginn 7. desember. Ræðumaður kvöldsins verður Ævar Kjartansson fréttamaður og guðfræðingur en af tónlistarfólki má nefna

Sigrúnu Hjálmtýsdóttur og Hönnu Björk Guðjónsdóttur sem munu syngja ásamt Kirkjukór Lágafellssóknar og skólakór Varmárskóla syngur undir stjórn Guðmundar Ómars Óskarssonar. Hljómsveit skipuð strengjum og blásurum spilar með undir stjórn Jónasar Þóris organista.

Myndina tók Arndís G. Bernharðsdóttir Linn á aðventukvöldi 2007.



fullgerður. En fullyrða má að slegið verði á ýmsa strengi, úr popp- og jassheimum, úr óperu og klassísku deildinni. Að ógleymdri jólatónlist.

Miðasala fer fram við innganginn en hægt verður að fá miða fyrirfram í safnaðarheimilinu vikunni á undan, 10. til 14. desember, frá kl. 9–12. Miðaverð er kr. 2500 og er það mál þeirra sem þennan fagnað hafa sótt undanfarin ár að það sé ekki hátt verð fyrir það sem fram er borið með innlifun, kátínu og kær-

## Jólaljós til styrktar Kyndli

Jólaljós er styrktarverkefni Kirkjukórs Lágafellssóknar og organistans Jónasar Þóris. Að þessu sinni eru tónleikarnir haldnir til styrktar Björgunarsveitinni Kyndli í Mosfellsbæ og allt sem safnast rennur til hennar.

Tónleikarnir verða haldnir í Fríkirkjunni í Reykjavík sunnudaginn 14. desember kl. 17.00.

Eins og vanalega leggur fjöldi góðra listamanna verkefninu lið en þegar þetta er skrifað er sá listi ekki

leika á þessum árlegu tónleikum kirkjukórsins og Jónasar Þóris.

Myndina tók Arndís G. Bernharðsdóttir Linn af kórnum á bæjarhátíðinni „Í túninu heima“ í ágúst síðast liðnum.

## Orgeljól í Lágafellskirkju

Orgeljól verða haldin í fjórða skipti í Lágafellskirkju nú í aðventu, þriðjudag 16. desember kl. 20. Það er Douglas Brotchie, organleikari og Mosfellingur, sem flytur okkur orgeljól.

Eins og endranær verður aðgangur ókeypis, enda tónleikahaldið stutt af menningarmálanefnd bæjarins. Aðsóknin eykst frá ári til árs.

Núna eins og í fyrra verður öll tónlistin eftir Johann Sebastian Bach, meistara meistaranna. Verkin eru valin með það leiðarljósi að vera aðgengileg og henta vel orgeli og hljómburði Lágafellskirkju.

Merkasta atriði á dagskrá verður án efa frumflutningur á Íslandi á orgelverki eftir Bach sem byggt er á þýsku sálmalagi. Verk þetta fannst í mars á þessu ári eftir að hafa verið týnt í meira en hundrað ár.

Eins og í fyrra mun Sigrún Jónsdóttir syngja nokkur lög sem Bach notar sem yrkisefni í tónlist sinni fyrir orgel. Þannig tengist saman söngur og organleikur.



Ljósmynd:  
Magnús Guðmundsson



## Skólakórar eldri og yngri

Á næsta ári verður Skólakór Varmárskóla 30 ára. Stjórnandi hans er og hefur verið frá upphafi Guðmundur Ómar Óskarsson. Allt frá stofnun hafa tengsl Skólakórs Varmárskóla og kirkjunnar verið góð og hann hefur átt sinn fasta sess á ýmsum hátíðum hennar, svo sem á aðventukvöldi.

Nú hefur einnig verið stofnaður kór við Lágafellsskóla. Hann er hugsaður

fyrir yngstu börnin til að byrja með og raunar settur upp sem tónlistarnámsskeið í nóvember og desember í samvinnu Mosfellsbæjar og Lágafellssóknar. Stjórnandi hans er Berglind Björgólfsdóttir söngkona og Orff-tónlistarkennari.

Myndirnar eru báðar teknar í fyrstu viku nóvember.



Komin er hefð á tónleika í Mosfellskirkju á jólaföstu, þar sem fram koma

## Diddú og drengirnir

eins og þau kjósa að kalla sig. Að þessu sinni verða tónleikarnir fimmtudaginn 11. desember kl. 20.30.

Öllum má ljóst vera hver Diddú er, en drengirnir eru hljómlistarmennirnir Sigurður Ingvi Snorrason og Kjartan Óskarsson, sem



leika á klarinett, Emil Friðfinnsson og Þorkell Jólsson sem leika á horn og á fagott leika Brjánn Ingason og Björn Árnason.

Þetta eru 12 árið sem aðventutónleikar af þessu tagi eru haldnir.

Miðasala verður í Bæjarskrifstofum í Mosfellsbæ í Þjónustuveri á fyrstu hæð. Miðarnir kosta 2000 krónur. Hægt er að kaupa miða í forsölu frá 30. nóvember, en einnig er hægt að greiða þá símleidis í Þjónustuveri Mosfellsbæjar í síma 525-6700 þar sem miðasala fer fram og allar upplýsingar um miðasöluna eru veittar.



Ungur Úkraínumaður tekur jólin upp úr skókassa sínum í fyrravetur.

Í skókössum í um 90 löndum. Við sem stöndum fyrir „Jól í skókassa“ heilluðumst af hugmyndinni þegar við heyrðum af henni og ákváðum að hrinda henni í framkvæmd hér á landi.

En hver erum við?

## Jól í skókassa

Við í barna- og æskulýðsstarfi Lágafellskirkju höfum tekið þátt í verkefninu Jól í skókassa. Umsjón hefur hópur innar KFUM & KFUK

Allir þekkja að það vandasamt að finna jólagjafir handa vinum og ættingjum sem virðast eiga allt og vantar ekki neitt. Þrátt fyrir stressið í jólaöðinni er þó alltaf einhver sjarmi yfir því að reyna að setja sig í spor annars og ímynda sér hvað hann langi mest að fá að gjöf og eitthvað sérstakt sem gerist þegar maður finnur að vel hefur tekist upp og viðkomandi er ánægður.

Ekkert jafnast þó á við að gefa börnum gjafir sem eiga ekki neitt og vita varla hvað það er að fá jólagjafir. Um þetta snýst verkefnið „Jól í skókassa“, að gefa munaðarlausum og bágstöddum börnum í Úkraínu jólagjafir. Í Úkraínu er fátækt og atvinnuleysi ríkjandi og mörg börn sem þekkja fátt annað en kulda og vösbúð. Verkefnið gengur út á að setja margvíslegar gjafir í skókassa og pakka honum inn í jólapappír. Skókassar eru hentugir til að geyma gjafir í, þeir staflast vel og verja innihaldið fyrir ýmiss konar barningi. Auk þess eru þeir flestir af svipaðri stærð svo að börnin fá jafnstóra pakka.

Hugmyndin er fengin frá verkefninu „Operation Christmas Child“ sem stendur fyrir flutningi á jólagjöfum

Við erum 13 einstaklingar innan KFUM og KFUK sem hittumst aðra hverja viku og lesum saman Biblíuna eða biblíutengd efni og höfum gert í nokkur ár. Á Evrópuþingi KFUM í Rússlandi var stofnað til vináttusambands milli KFUM og KFUK á Íslandi og KFUM í Úkraínu. Einn úr hópnum tók þátt á því þingi og heyrði frá úkraínskum presti um ástandið í landinu. Í kjölfarið ákváðum við að munaðarlaus börn í Úkraínu þyrftu svo sannarlega á „Jólum í skókassa“ að halda. Verkefnið var fyrst kynnt fyrir jólin 2004 og það var aðallega gert fyrir börnum í deildarstarfi KFUM og KFUK. Það var gaman að sjá hvað börnin tóku vel í það að hjálpa jafnöldrum sínum og um 500 gjafir söfnuðust. Smám saman óx verkefnið og fyrir jólin 2005 voru heilu grunn- og leikskólarnir farnir að taka þátt. Einnig tóku mörg félög og skólar á landsbyggðinni sig saman og bjuggu til gjafir fyrir börnin. Þetta voru mjög gleðilegar fréttir og má segja að verkefnið hafi margfaldast að umfangi enda söfnuðust að lokum um 2600 gjafir. Sagan endurtók sig svo fyrir tvenn síðustu jól og alltaf bættust fleiri í hóp gefenda, einstaklingar og fyrirtæki, börn og fullorðnir. Að lokum söfnuðust um 5000 gjafir fyrir jólin 2007.

Um áramótin fórum við nokkur úr hópnum til Úkraínu til að kynna

okkur aðstæður þar og til að hjálpa til við dreifingu gjafanna. Það var einstakt að fara á munaðarleysingjaheimilin með gjafir frá Íslandi og sjá gleðina í andlitum barnanna við að taka upp Olís-húfur, Nammilandspoka o.fl. Sum barnanna höfðu aldrei fengið jólagjöf áður og fannst mikið til þess koma að einhver á Íslandi hafði hugsað til þeirra og búið til gjöf. Það er einnig táknrænt að eina úkraínska orðið, sem situr eftir eftir ferðina er „díjakújú“ eða „takk“ en fólk þreyttist ekki á að segja það við okkur hvar sem við komum. Orðið takk er einnig ofarlega í huga okkar í biblíuleshópnum eftir þessar góðu viðtökur. Fjöldi manns hefur unnið hörðum höndum að verkefninu, með því að búa til, taka á móti og setja gjafir í gám til Úkraínu.

Þegar öllu er á botninn hvolft virðist drifkraftur verkefnisins vera þessi sérstaka tilfinning að gefa gjöf sem gleður. Það þarf nefnilega engan snilling til að átta sig á merkingu orðanna „elska skaltu náungann eins og sjálfan þig“ og það eru orð sem einungis er hægt að túlka á einn veg.

Nú í ár fórum við af stað með verkefnið í 5. sinn. Við vonumst til þess að það haldi áfram að vaxa svo að enn fleiri taki þátt í því með okkur og fleiri börn fái að upplifa boðskap jólanna, kærleika Jesú Krists.

Í nokkur ár hefur hópur úr barnastarfi kirkjunnar tekið þátt í verkefninu Jól í skókassa undir umsjá KFUM & KFUK. Í ár söfnuðust um 5000 kassar. Þeir voru látnir í 40 feta gám sem fór frá Íslandi 7. nóvember og kom til Hamborgar um 10 dögum síðar. Þaðan átti að aka honum til Kirovograd í Úkraínu þaðan sem pökkunum verður dreift í byrjun janúar.

## Söfnuðu nærri milljónarfjórðungi

3. nóvember s.l. gengu fermingarborn í Lágafellssókn í hús og söfnuðu fé til og hjálparstarfs í Úganda á vegum kirkjunnar. Alls söfnuðust 232.950 krónur sem er um ¾ hlutar þeirrar upphæðar sem fékkst fyrir ári, en þetta mun vera í níunda sinn sem fermingarborn sinna þessu verkefni í samráði við uppfærðendur sína.



Myndin er af vef hjálparstarfs þjóðkirkjunnar

# Jólabjöllur og jólakúlur

Ný söfnunarlína til styrktar  
byggingar nýrrar kirkju  
í Mosfellsbæ



Kúlurnar fást hjá

*Hlin  
Blómahús*

Mosfellsbæ

Háholti 24 v/Vesturlandsve  
S. 566 8700 / 566 8588

Allar nánari upplýsingar um kúlurnar er hægt að fá  
á skrifstofu Lágafellskirkju í síma 566 7113

## Jólakúlur

Fyrir síðustu jól hófum við sölu á sérgerðum jólabjöllum og kúlum. Á þeim eru handmálaðar myndir af Lágafellskirkju. Áætlað var að láta gera bjöllur og kúlur með myndum af Mosfellskirkju fyrir jólin í ár en af ýmsum ástæðum verður ekki af því. Kúlurnar og bjöllurnar eru í fall-egum rauðum öskjum. Unglingarnir í æskulýðsstarfinu munu ganga í hús og selja þær. Hægt verður að nálgast þær í safnaðarheimilinu eða panta þær á netfanginu: hreidar@kirkjan.is



Nú eins og oft áður fylgir safnaðarbréfinu jólamerki Lágafells-sóknar. Jólamerkin eru til fjáröflunar fyrir æskulýðsfélag Lágafellskirkju. Til sparnaðar sendum við ekki sérprentaða greiðsluseðla með jólamerkjunum heldur fylgja upplýsingar um hvernig hægt er að greiða fyrir jólamerkin í næsta bankaútibúi eða í heimabankanum.

Það er von okkar að þú styðjir þetta starf með því að nota jólamerkin á jólakortin þín. Í barna- og æskulýðsstarf kirkjunnar mætir reglulega góður hópur barna og unglinga en þar er lögð áhersla á að virkja hina ólgandi krafta æskunnar til góðs og skapa henni vettvang til hollra og gleðiríkra samverustunda. Með von um góðar undirtektir og fyrirfram þökk.

Æskulýðsstarf Lágafellskirkju

## Barnastarfið

Barnastarfið er alla sunnudaga að Lágafelli kl. 13.00. Síðast fyrir jól 14. des. og þá kl. 11.00. Fylgist með á heimasíðu kirkjunnar hvenær það hefst aftur á bak jólum.

## Kvöldkirkja - opin kirkja

Kvöldkirkja er í Lágafellskirkju á fimmtudögum kl. 21:00.

Hún er ætluð til að veita fólki skjól, athvarf og kyrrð. Fólk kemur og

fer, stansar í 5 mínútur eða hálf tíma eftir eigin ósk og vilja.

Þögn og kyrrð ríkir í kirkjunni og myndatökur eru afbeðnar.

## 24. des.: aðfangadagur

Jólhelgi fjölskyldunnar hefst að Lágafelli kl. 13 á aðfangadag. Sr. Ragnheiður leiðir helga stund fyrir fjölskyldufólk með yngstu börnin í huga. Hátíðleg stund með jólasálmum og helgisögum.

## Safnaðarheimilið er í Þverholti 3. Símar: 566 7113 og 566 8028

Skrifstofa sr. Ragnheiðar Jónsdóttur er í safnaðarheimilinu á 3. hæð Sínaviðtalstími hennar er þriðjudaga til föstudaga kl. 11–12. Símanúmer: sjá ofan. Fax: 566 7223, farsími 869 9882. Netfang: ragnheidur.jonsdottir@kirkjan.is

Skrifstofa sr. Skírnis Garðarssonar er á annarri hæð. Sínaviðtalstími hans er mánudaga til fimmtudaga kl. 12–13. Símanúmer: sjá ofan. Fax: 566 6624. Sr. Skírni kemur til starfa með nýju ári.

Jónas Þórir organisti hefur viðtalstíma í safnaðarheimilinu á fimmtudögum kl. 10–12. Heimasími: 566 8876. Farsími: 892 9671. Netfang: jonasthorir@simnet.is

Skrifstofa Hreiðars Arnars Zoëga Stefánssonar, framkvæmdastjóra er á annarri hæð. Símanúmer sjá ofan. Farsími: 896 8936. Netfang: hreidar@kirkjan.is

Meðhjálpari/kirkjuvörður:  
Arndís G. Bernharðsdóttir Linn, farsími 866 8947, netfang disalinn@simnet.is.

Húsmóðir í safnaðarheimili er Sigríður Pétursdóttir. Símanúmer: sjá ofan.

Hilmar Sigurðsson er formaður sóknarnefndar. Símanúmer: 566 6701.

Á heimasíðu Lágafellssóknar, [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is), má sjá ýmislegt um dagskrá og starfsemi sóknarinnar.

# Helgihald í Mosfellsprestakalli

desember 2008 til mars 2009

30. nóvember, 1. sd. í aðventu.

Lágafell kl. 11:00

Kvinnakórinn Heklurnar. Stjórnandi: Björk Jónsdóttir

Molasopi í skrudhúsi eftir athöfn.

Lágafell kl. 12:00

„Hinir himnesku herskarar“

- Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson  
flytur fyrirlestur um engla.

7. desember, 2. sd í aðventu.

Lágafell kl. 20:00.

Aðventukvöld

Ræðumaður: Ævar Kjartansson,  
guðfræðingur og útvarpsmaður.

Diddú - Hanna Björk Guðjónsdóttir -

Skólakór Varmárskóla - Kirkjukór

Lágafellssóknar, - hljómsveit

Kaffi á eftir í safnaðarheimilinu.

14. desember, 3. sd. í aðventu.

Lágafell kl. 11:00.

Litlu jól barnastarfsins

21. desember, 4. sd. í aðventu.

Lágafell kl. 11:00.

24. desember, aðfangadagur jóla.

Lágafell

kl. 13:00 Barnaguðspjónusta.

Kl. 18.00 Aftansöngur.

Einsöngur: Hanna Björk Guðjónsdóttir.

Kl. 23.00

Miðnæturguðspjónusta.

Einsöngur: Jóhann Friðgeir Valdimarsson.

25. desember, jóladagur

Lágafell kl 14:00

Mosfell kl. 16:00

Diddu, Porkell og dæturnar.

31. desember, gamlársdagur

Lágafell kl. 18:00

Aftansöngur.

Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson kveður söfnuðinn  
eftir 3 mánaða starf.

Kristjón Daðason leikur á trompet.

4. janúar,

Lágafell kl. 11:00

Innsetning nýs prests sóknarinnar.

11. janúar,

18. janúar,

Lágafell kl. 11.00 báða dagana

25. janúar.

Mosfell kl. 11.00

1. febrúar.

Lágafell kl. 11.00

8. febrúar.

Lágafell kl. 11.00

Reykjalundarkórinn.

Stjórnandi: Íris Erlingsdóttir

15. febrúar.

Lágafell kl. 20:00

kvöldguðspjónusta Taize.

22. febrúar.

Lágafell - hátíðarmessa kl. 11.00

120 ára vígsluafmæli Lágafellskirkju

1. mars.

Lágafell kl. 11.00 - Æskulýðsmessa

8. mars.

Lágafell kl. 11.00

15. mars

Lágafell kl. 20.00

Kvöldguðspjónusta Taize

Kirkjukór Lágafellsóknar leiðir sönginn í öllum athöfnum  
undir stjórn Jónasar Þóris nema annað sé tekið fram.





